

Ed.

258. Tillaga

til þingsályktunar út af lokun Íslandsbanka.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fram fyrir þingið helztu skjöl þau og skilríki, er sýna tildrögin að lokun Íslandsbanka.

G r e i n a r g e r ð .

Þar sem landsmenn verða nú að bera þungar skattabyrðar vegna taps Íslandsbanka, og draga verður úr aðkallandi framkvæmdum ríkisins sökum útgjalda, er ríkissjóður hefir vegna skulda bankaþrotabúsins, verður að krefjast þess, að þingmenn fái að vita öll helztu tildrög þess máls, að bankanum var lokað.